

Nd.

59. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907.

Frá Jóni Þorkelssyni.

1. gr.

Heimilt skal stjórnarráðinu að gefa allsherjar viðurkenningu skóla, sem stofnsettur er af einstökum mönnum og fylgir sérstökum fræðslureglum.

2. gr.

Slíkir skólar liggja undir aðalumsjá stjórnarráðsins, þó skulu skóla- og fræðslunefndir hafa eftirlit með hollustuhætti skóla þessara, og sjá um, að fræðslureglum þeirra verði framfylgt.

3. gr.

Börn á skólaaldri, er slíka skóla sækja, þurfa ekki að sækja um leyfi til þess hjá skólanefnd eða fræðslunefnd. En skólastjóri slíks skóla skal við byrjun hvers skólaárs láta skólanefnd eða fræðslunefnd í té skýrslu um það, hvaða börn munu sækja skólann á því skólaári. Eigi eiga slíkir skólar heimting á styrk af almannafé.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1909.